

NES FRÉTTIR

JANÚAR 2016 • 1. TBL. • 29. ÁRG.

AUGLÝSINGASÍMI
511 1188



**PANTAÐU Á
DOMINOS.IS**

DOMINO'S APP SÍMI 58 12345

SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is



Ljósmynd: Krissy.is

24
Hagkaup

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

**Slökkvitækja-
þjónustan**

564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leiðið tilboða!

græn heilsa
heilsuverslun

lifestream
hreinn lífræn næring

Ægisíða 121 [f](#) /grænheilsa

Elsa Nielsen verður næsti bæjarlistamaður Seltjarnarness. Hún var útnefnd af menningarmálanefnd bæjarins sl. föstudag. Elsa er tuttugasti Seltirningurinn til að hljóta þessa nafnbót.

Sjá nánar á bls. 4.

www.borgarblod.is



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum í gegnum farsímann.



Skannaðu kóðann til að sækja „appið“ frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/farsiminn



Hafðu bankann með þér


Íslandsbanki

NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Fasteignaverð á Seltjarnarnesi

Það er gott að búa á Seltjarnarnesi. Undir það taka allt að 96% íbúa samkvæmt könnun Gallup. Í könnuninni fær Seltjarnarnesbær hæstu einkunn sveitarfélaga sem er gefin eða 4,1 stig af fimm mögulegum. Er þetta í fullu samræði við þau sjónarmið sem margir viðmælendur Nesfrétta hafa sett fram bæði í birtum viðtölum og í einkasamtölum. Margt kemur til að íbúum líkar vel að á búa á Nesinu. Góð þjónusta bæjarfélagsins, öflugir skólar og vaxandi menningarumhverfi. Þá skiptir nálægð miklu – ekki síst að fólk getur farið fótgangandi á milli staða og einnig hafa gæði náttúru og möguleikar til útíllfs sitt að segja.

Athygli vekur að verð á fasteignum er umtalsvert lægra á Seltjarnarnesi en í Vesturbæ Reykjavíkur. Þetta er ekki í samræmi við ánægjuvöguna sem mælir svo hátt í bæjarfélaginu. Spurningar vakna um hvað valdi. Tvennt kemur í hugann. Annars vegar að fólk sem ekki þekkir vel til á Nesinu kjósi fremur að búa í fjölmennu sveitarfélagi og telja að þar sé meiri þjónusta að hafa en í því fámenna. Þetta er þó algerlega órökstutt þar sem engin sérstök viðhorfskönnun hefur farið fram. Hin ástæðan sem kemur í hugann er hvort vanti íbúðir á Seltjarnarnesi á þann markað sem fólk í húsnæðisleit hefur einkum áhuga á. Sérstaklega tveggja og þriggja herbergja íbúðir á stærðarbilinu 50 til 90 fermetra.

Nú hefur verið kynnt til sögunnar verðlaunatilaga Kanon arkitekta um framtíðarskipulag miðbæjarsvæðisins á Seltjarnarnesi. Tillagan gerir ráð fyrir margvíslegum breytingum og uppbyggingu á Eiðistorgi og í nágrenni þess. Næsta skref er að hefja vinnu við deiliskipulag samkvæmt tillögunni sem síðan fer í hefðbundið kynningar- og umsagnaferli samkvæmt lögum. Mjög margt áhugavert er að finna í tillögu Kanon arkitekta. En um svo miklar framkvæmdir er að ræða að komi til þeirra flestra er ljóst að þær verða unnar í áföngum á einhverju ára tímabili. Gera má ráð fyrir að einhverjum finnist nóg um og má benda á umræður sem þegar hafa farið fram á samskiptamiðlum á borð við Facebook í því sambandi. En Seltirningar verða að horfa fram á veginn. Þarna er gert ráð fyrir umtalsverðri íbúðabyggingu. Ef skortur á minni íbúðum er farin að draga fasteignaverð á Seltjarnarnesi niður í samanburði við Vesturbæinn í Reykjavík er íhugunar þörf. Fólk vill að áfram verði byggt og gott að búa á Seltjarnarnesi.



Gerir við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

rafmagn@mi.is

Þróun fasteignaverðs á Seltjarnarnesi og Vesturbæ

„Þegar ég hóf störf við fasteignasölu fyrir rúmum 12 árum þá var fasteignaverð nánast það sama á Seltjarnarnesi og Vesturbæ Reykjavíkur,“ segir brottflutti Seltirningurinn Ólafur Finnbogason, löggiltur fasteignasala á Mikluborg. Ólafur segir að fasteignaverð hafi verið svipað á Seltjarnarnesi og Vesturbænum allt fram til 2007.

„Svo komu nokkur ár í röð þar sem verð fasteigna á Seltjarnarnesi stóð nánast í stað og sérstaklega verð á sérbylum. Fasteignaverð hækkaði lítillega í Vesturbænum á sama tíma en eftir 2011 hefur fasteignaverð hækkað mikið og eru notaðar íbúðir í Vesturbæ Reykjavíkur að seljast á sama verði og nýjar íbúðir til að mynda á Skerjabraut og Hrólfsskálamel.“

Grandinn hækkað í verði

Ef horft er á þróun fasteignaverðs eftir svæðum segir Ólafur fasteignaverð á Grandanum, sem hafi verið töluvert lægra en á Eiðistorgi, Austurströnd og Tjarnarbóli, orðið töluvert herra. „Fasteignaverð í fjölbýlishúsum við Mela og Haga eru síðan töluvert herra en á Granda og á Nesinu að undanskyldum nýbyggingum,“ segir Ólafur.

Um 50 milljónir á Högunum – 42 á Seltjarnarnesi

Ólafur nefnir nýleg verðdæmi þar sem til að mynda 125 fm íbúð á Högunum með bílskúr seldist á rétt undir 50 milljónum og komust færri að en vildu. Á sama tíma var íbúð í Tjarnarbóli sem var mikið endurnýjuð og jafn stór með bílskúr seld á 42 milljónir. 100 fm íbúð auk bílskúlis á Grandanum seldist á 43 milljónir á meðan íbúð af sömu stærð á Austurströnd seldist á 37 milljónir.

Ólafur segir muninn á fasteignaverði milli Seltjarnarness og



Vesturbæjar vera meiri í sérbylum og hæðum en þar eru dæmi um 130 fm hæðir með bílskúr sem seljast á 20 milljónum meira Vesturbænum en á Seltjarnarnesi og að svipaður verðmunur sé á raðhúsi á Grandanum og sambærilegu húsi á Ströndunum á Seltjarnarnesi.

Ólafur kveðst spenntur að sjá verðlagningu á tveimur nýbyggingum sem nú rísa á Hrólfsskálamel á Seltjarnarnesi og Grandavegi í Vesturbænum en bæði húsin koma í sölu á fyrrihluta þessa árs.

Seltjarnarnes á inni hækkan

Ólafur gerir ráð fyrir að Seltjarnarnes eiga inni hækkan fasteignaverðs sem komi til með að koma fram á næstu misserum en til þess að það komi þarf að kynna betur fyrir nágrönnum Seltirninga þau gæði sem Seltjarnarnesið

Nesbíúinn



Það er gott að búa á Nesinu!

hefur upp á að bjóða. „Nú er hagstæðara, sérstaklega fyrir fjölskyldufólk að búa á Seltjarnarnesi. Útsvarið er 0,82% lægra á Seltjarnarnesi en í Reykjavík og tómstundarstyrkurinn er 15.000 kr hærri. Öll þjónusta er innan 150 m radíus frá skólum á Seltjarnarnesi og foreldrar þurfa ekki að keyra börnin í tómstundir eins og í Vesturbænum. Einnig er samstarf Gróttu, tónlistarskóla og grunnskóla bæjarins til fyrirmyndar þar sem yngstu börnin fara í tómstundirnar í beinu framhaldi af skólanum. Það hlýtur að vera metnaður Seltirninga að vera taldir jafnvígir Vesturbæingum að lágmarki,“ segir Ólafur og það er greinilegt að hjarta hans slær með Seltirningum en hann hefur þjálfað handbolta hjá Gróttu í 16 ár og unnið í félagsmálum á Nesinu auk þess að hafa kennt í Mýrarhúsaskóla.

Ánægðastir samkvæmt Gallup

Um 96% íbúa á Seltjarnarnesi eru ánægðir með þjónustu við barnafjölskyldur í bæjarfélaginu, samkvæmt árlegri þjónustukönnun sem Gallup gerir meðal sveitarfélaga. Bærinn fær hæstu einkunnina meðal sveitarfélaganna, sem gefin er, þ.e. 4,2 af 5 mögulegum.

Þjónusta Seltjarnarness á heildina litið út frá reynslu og álitu íbúa nýtur verðskuldaðrar viðurkenningar en fjórða árið í röð er Seltjarnarnesbær með hæsta stigafjölda meðal bæjarfélaga landsins og efst á listanum á þessu ári. Á heildina litið er Seltjarnarnesbær efst eða mjög ofarlega í öllum þáttum könnunarinnar sem spurt var út í og á metið í sjö þeirra.

Gæði umhverfis í hávegum haft

Íbúar eru mjög ánægðir með íbúafundi sem verið hafa vegna skipulagsmála undanfarin ár og lýsa ánægju

sinni með skipulagsmál bæjarfélagsins sem fer vaxandi á milli ára.

Menningarumhverfi

Íbúar Seltjarnarness eru ánægðastir landsmanna með menningarmálin í bæjarfélaginu, en aukin áhersla hefur verið lögð á þann málaflokk undanfarin ár með jákvæðum árangri. Ný afstaðin menningarhátíð þar sem yfir fjögur þúsund manns sóttu viðburði sýnir vel samhug bæjarbúa á slíkum viðburðum.

Eldri borgarar una hag sínum vel

Ánægja eldri Seltirninga með þjónustu bæjarins endurspeglar áherslu í stjórnum þessa málaflokks en mikið kapp hefur verið lagt á að skipuleggja nærþjónustu við aldraða í samráði við þá sjálfa með það að markmiði að þeir eigi þess kost að búa sem lengst á eigin heimili. Það samræmist

einnig yfirlýstri stefnu félagasamtaka eldri borgara.

Leik og grunnskóli í fyrsta sæti yfir landið

Ánægja barna- og fjölskyldufólks eykst og einkunnagjöf er jafnan há þegar kemur að þjónustu bæjarins við barnafjölskyldur. Íbúar Seltjarnarness eru ánægðastir landsmanna með þjónustu grunnskólans og þar kemur samvinna kennara og foreldra varðandi nýlega mótað læsisverkefni mjög sterkt inn, ásamt samvinnu grunnskólans við leik- og tónlistarskóla. Ánægjan eykst enn frekar á milli ára þegar kemur að aðstöðu til íþróttaiðkunar í sveitarfélaginu. Niðurstöður könnunarinnar sýna að Seltjarnarnes skipar þar efsta sæti meðal þátttakenda í sveitarfélögum landsins, 90% íbúa eru ánægðir með aðstöðu og samstarf við bæjaryfirvalda við íþróttahreyfinguna.



SELTJARNARNESBÆR

KJÖR ÍÞRÓTTAMANNS OG KONU SELTJARNARNESS 2015 FER FRAM ÞRIÐJUDAGINN 2. FEBRÚAR 2016 Í FÉLAGSHEIMILI SELTJARNARNESS KL. 17:00

Öllum bæjarbúum á Seltjarnarnesi er boðið að koma og fylgjast með kjörinu.

ÍTS óskar eftir ábendingum frá íbúum á Seltjarnarnesi um íþróttamann eða konu sem sýnt hefur framúrskarandi árangur í íþróttagrein sem fellur undir starfsemi Íþrótt- og ólympíusambands Íslands. Það er síðan í höndum fulltrúa Íþrótt- og tómstundanefndar að ákveða hverjir það eru sem hljóta tilnefningar.

Upplýsingar um þann sem er tilnefndur til Íþróttamanns Seltjarnarness þurfa að vera ítarlegar og það helsta sem þarf að koma fram er:

- **Nafn, kennitala, heimili og sími.**
- **Hversu lengi viðkomandi hefur stundað íþróttina/ir.**
- **Ástundun og hversu mikið er æft.**
- **Titlar eða árangur.**
- **Félagslega hliðin.**
- **Annað sem þið viljið koma á framfæri.**

Athuga að aðeins þeir sem eiga lögheimili á Seltjarnarnesi eiga möguleika á að vera tilnefndir, óháð hvar íþróttin er stunduð.

Allar upplýsingar eða ábendingar skulu berast á tölvupóstfangið haukur@seltjarnarnes.is fyrir 22. janúar.

Elsa Nielsen bæjarlistamaður 2016

Elsa Nielsen verður næsti bæjarlistamaður Seltjarnarness. Hún var útnefnd af menningarmálanefnd bæjarins sl. föstudag. Elsa er tuttugasti Seltirningurinn til að hljóta þessa nafnbót.

Í umsögn menningarmálanefndar segir að Elsa hafi sýnt og sannað með verkum sínum að hún er meðal okkar fremstu hönnuða í dag. Viðfangsefni hennar eru fjölbreytt og hafa hlotið verðskuldaða athygli hvort sem er á sviði grafískrar hönnunar, merkjahönnunar, auglýsingaherferða, málalistar, stafrænnar myndvinnslu, teikninga, myndskreytinga, frímerkjahönnunar eða bókaútgáfu. Litabók hennar Íslensk litadýrð vermdi efstu sæti bóksöluhlusta undir lok síðasta árs. Mörg hundruð manns fylgdust af áhuga með dagbókarfærslum hennar á Instagram og Facebook undir yfirskriftinni „einádag“, þar sem hún skrásetti líf sitt með því að teikna eina mynd á dag allt árið um kring. Í tilefni af útnefningunni hefur verið opnuð sýning á öllum dagbókarfærslunum 365 í Gallerí Gróttu og stendur sýningin yfir til 5. febrúar. Elsa er fædd í Reykjavík árið 1974. Hún útskrifaðist sem grafískur hönnuður frá Listaháskóla Íslands árið 1999. Hún starfaði í 13 ár sem hönnunarstjóri á auglýsingastofu ENNEMM en frá september 2013 hefur hún rekið sitt eigið hönnunarfyrirtæki, Nielsen hönnunarstofu. Hún býr á Seltjarnarнесi ásamt eiginmanni og þremur börnum.

Uppstækkaður grafískur myndflötur

Á sviði málalistarinnar hefur Elsa einkum einbeitt sér að því að mála uppstækkaðan grafískan myndflöt á striga með akrýllitum. Verkunum ljær hún dýpt með því að byggja flötinn upp með sparsli og sandi. Þó að málverk Elsu standi sjálfstæð sýna þau glöggst hvernig Elsu tekst að færa margra ára reynslu og kunnáttu með grafíska miðlun yfir á annað stig.

Kennileiti Seltjarnarness á meðal viðfangsefna

Strax á námsárum sínum fór Elsa að sýna verk sín og á nú að baki fjölda sam- og einkasýninga á sviði málalistar. Á síðustu



Myndir frá ferli Elsu.



Myndir af sýningunni #einádag í Gallerí Gróttu.

tveimur einkasýningum Elsu í Gallerí Gróttu og Mokka-Kaffi sýndi hún svo ljósmyndir unnar með stafrænni tækni. Þannig vann Elsa með mörg helstu kennileiti Seltjarnarness og Reykjavíkurborgar og setti í nýjan og ævintýrlegan búning. Verkin hafa hvarvetna vakið athygli og verið seld utan sem innanlands.

Frímerkjateiknari

Elsa er einn af fáum frímerkjateiknum landsins. Hún er félagi í FÍT (Félag íslenskra teiknara) og gegndi þar stjórnarsetu frá 2010-2011. Hún er fyrrum félagi SÍM (Sambands íslenskra myndlistarmanna) og hefur unnið við ýmis dómastörf innan FÍT og einnig fyrir ÍMARK (Samtök markaðsfólks á Íslandi). Í dag situr hún í stjórn SÍÓ (Sambandi íslenskra Ólympíufara).



Elsa Nielsen Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2016 og Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri.



Frá útnefningu bæjarlistamanns Seltjarnarness.

Íslenski bókmenntaverðlaunin

Elsa hefur hlotið margar viðurkenningar og verðlaun fyrir grafíska hönnun, bæði hérlendis og erlendis, en skemmst er að minnast tilnefningu til Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2013 fyrir Brosbókina, barnabók sem hún myndskreytti, hannaði og er meðhöfundur að. Að auki hefur hún myndskreytt og komið að útgáfu fjölmargra annarra barna- og unglíngabóka.

Badmintonkonan Elsa

Farsæll ferill og velgengni Elsu hefur ekki einkorðast við sköpun á sviði hönnunar og lista, en margir þekkja hana betur fyrir afrek hennar á sviði íþróttar þar sem hún hampaði margsinnis Íslandsmeistararitli í badminton og var fulltrúi Íslands í einliðaleik á Ólympíuleikumunum í tvígang.

KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Stýðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðuskipti
Skiptum um framrúður og önnurnst annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bil.



Mössun / snyrting á lakk
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



Dekkbjónusta
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í viðgerð.



Rétting og máling
Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst trústu kröfur.



Bilþvottur / djúphreinsun
Bjóðum við upp á almennan bilþvott, djúphreinsun, bön off. Frir þvottur fylgir öllum viðgerðum.



Innréttingar / skilæði
Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



Smáviðgerðir
Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu sliflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Dragháls 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is



Íþróttamaður ársins 2015

Eygló Ósk Gústafsdóttir

Lifestream tryggir árangur

- Orka sem endist daginn
- Mikil einbeiting
- Jafnvægi
- Velliðan

Yfir 100 lífræn næringaefni



Lífrænt

Lifestream vörurnar hafa reynst mér best, hef notað þær í tvö ár, hef mikið meiri orku, betra úthald, og heilsu til að takast á við allt álag, erfiðar æfingar og áskoranir. Laus við streitu og liður vel. Stefni ótrauð á Olympíuleikanna 2016.


Celsus ehf.

Fæst í apótekum, Græn heilsa, Krónunni, Hagkaup og Nettó.

 **lifestream**
náttúruleg uppsprettu bætiefna

Bókasafn Seltjarnarness

Dagskrá janúar – júní 2016



Þriðjudagur 12. janúar

12. janúar kl. 19:30
Bókmenntakvöld
Mikael Torfason
höfundur bókarinnar
Týnd í Paradís er gestur
kvöldsins



Miðvikudagur 13. janúar

13. janúar kl. 17:30
**Sögustund fyrir
yngstu börnin**
Lesin verður sagan
Úti í myrkrinu
eftir Margréti Þ. Jóelsdóttur og
Stephen Fairbairn
Allir velkomnir

Föstudagur 15. janúar

15. janúar kl. 17:00
Opnun í Gallerí Gróttu



#einádag

Elsa Nielsen
Bæjarlistamaður
Seltjarnarness 2016

Sýningunni lýkur 5. febrúar

Fimmtudagur 21. janúar

21. janúar kl. 17:30
Tónstafir
Djass og dásamlegheit



Tómas R. Einarsson
og Ómar Guðjónsson

Mánudagur 25. janúar

25. janúar
kl. 12:10
Valóspjall

Gerður Kristný og 7. bekkur
Valhúsaskóla spjalla saman
í unglíngadeild safnsins

Fimmtudagur 28. janúar

28. janúar kl. 17:30
Arkitektúr og hönnun
Rut Káradóttir

fjallar um nýttkomna bók sína og ferilinn



Safnanótt 2016 – 5. febrúar kl. 19:00 – 24:00

Kl. 19:00 Gallerí Gróttu

Leiðsögn um sýninguna **#einádag**

Kl. 19:30 Tónaflóð

Bestu kórarnir á
Seltjarnarnesi ásamt sólistum
og siguratriði úr Való.



Kl. 20:00 Grímugerð

Elsa Nielsen

21:00 Grímuball

22:00 Gallerí Gróttu

Leiðsögn um sýninguna **#einádag**



Kl. 22:30 Tónleikar

Bjössu trúbador í Greifunum
skemmtir gestum á
lokamínútum Safnanætur



Munið safnaleikinn – Frítt í safnastræto – www.vetrarhatid.is

Þriðjudagur 9. febrúar

9. febrúar kl. 19:30
Bókmenntakvöld

Linda Vilhjálmsdóttir og Eypór Árnason lesa
upp úr ljóðabókum sínum *Frelsi* og *Norður*



Fimmtudagur 11. febrúar

11. febrúar kl. 17:00
Opnun í Gallerí Gróttu



Húbert Nói Jóhannesson

Sýningunni lýkur 4. mars

Fimmtudagur 25. febrúar

25. febrúar kl. 09:45
Valóspjall

Gunnar Helgason og
8. bekkur Valhúsaskóla
spjalla saman
í unglíngadeild safnsins

Miðvikudagur 10. febrúar

10. febrúar kl. 17:30
Sögustund fyrir yngstu börnin

Lesin verður sagan

Vinabókin eftir

Jónu Valborgu Árnadóttur

og Elsu Nielsen

Allir velkomnir



Fimmtudagur 25. febrúar

25. febrúar kl. 17:30
Arkitektúr og hönnun

Fjallað verður um
híbýlafræðinginn
og frumkvöðulinn
Kristínu Guðmundsdóttur



Þriðjudagur 1. mars

1. mars kl. 19:30
Bókmenntakvöld

Einar Már Guðmundsson
höfundur bókarinnar
Hundadagar verður
gestur kvöldsins



Hönnunarmars
10.–13.03.2016

10. mars kl. 17:00
Gallerí Gróttu – Hönnunarmars 2016



Þórunn Árnadóttir - Frímínútur



Sturla Már Jónsson - Prestar og þrjá

Miðvikudagur 2. mars

2. mars kl. 17:30
Sögustund fyrir yngstu börnin

Lesin verður sagan **Nanna norn**
eftir Valerie Thomas og Korky Paul

Allir velkomnir



Tónstafir

Annamaria Lopa gítarleikari
leikur ljúflingslög



Sýningunum lýkur 1. apríl

17. mars kl. 17:30

Leiðsögn um sýningarnar
Frímínútur – Prestar og þrjá

Miðvikudagur 30. mars


30. mars kl. 12:25 Valóspjall

Brynhildur Sigurðardóttir
heimspekikennari og 9. bekkur
Valhúsaskóla spjalla saman
í unglíngadeild safnsins

Þriðjudagur 5. apríl

5. apríl kl. 19:30 Bókmenntafélagið

Rætt um bókina
Stúlka með höfuð
eftir Þórunni Erlu- og
Valdimarsdóttur



Miðvikudagur 6. apríl

6. apríl kl. 17:30



Sögustund fyrir
yngstu börnin
Lesin verður sagan
Kárius og Baktus
eftir Thorbjörn Egner

Fimmtudagur 7. apríl

7. apríl kl. 17:00 Opnun í Gallerí Gróttu



Ferð andans í frumskógi efnisins

Daði Guðbjörnsson

Sýningunni lýkur 29. apríl

Miðvikudagur 20. apríl

Barnameningarhátíð

Börn á öllum aldri taka þátt í fyrstu Barnameningarhátíð
á Seltjarnarnesi miðvikudaginn 20. apríl

27. apríl kl. 17:30

Miðvikudagur 27. apríl

Sögustund fyrir yngstu börnin

Lesin verður sagan
Sjáðu mig sumar eftir
Bergrúnu Írisi Sævarsdóttur



3. maí kl. 19:30

Þriðjudagur 3. maí

Byggingarlistarganga



Byggingarlistarganga um Seltjarnarnesið

Miðvikudagur 4. maí

4. maí kl. 17:00 Opnun í Gallerí Gróttu



Bókverk og ljósmyndir

Theresa Himmer

26. maí kl. 17:00

Leiðsögn um sýninguna
Bókverk og ljósmyndir

Sýningunni lýkur 27. maí



19. maí kl. 17:30

Fimmtudagur 19. maí

Sumarlestur

Sumarlestur fyrir börn frá 6-12 ára.

Allir sem taka þátt í sumarlestri eru með í föstudagshappdrætti sem dregið er í
alla föstudaga í sumar.

Uppskeruhátíð á haustdögum, verðlaun og óvæntar upptakomur



Fimmtudagur 2. júní

2. júní kl. 17:00 Opnun í Gallerí Gróttu




Nær-Fjær

Árni Rúnar

Sýningunni lýkur 24. júní

Föstudagur 17. júní



17. júní Þjóðhátíð í Bakkagarði



23. júní

Jónsmessuganga

Hin árvíssa Jónsmessuganga með
varðeldi, söng og harmonikkuleik



Fimmtudagur 23. júní

Bókasafn Seltjarnarness
Eiðistorgi 11, 170 Seltjarnarnes
Sími: 5959-170
Netfang: bokasafn@seltjarnarnes.is



Nánar um dagskrá og viðburði:
www.seltjarnarnes.is/bokasafn

Viðtal við Katrínu Rósu Gunnarsdóttur

Get ekki hugsað mér að búa annars staðar

Katrín Rós Gunnarsdóttir tók við starfi útibússtjóra Vesturbæjarútibús Arionbanka sem staðsett er í húsnæði Hótel Sögu á síðasta vori. Katrín er Seltirningur dóttir Gunnars Þorvaldssonar flugstjóra og Katrínar Pálsdóttur hjúkrunarfræðings. Katrín hefur búið á Seltjarnarnesi ef undan eru skilin tvö ár þegar hún bjó í Þýskalandi þar sem eiginmaður hennar Páll Þórólfsson starfaði sem atvinnumaður í handbolta. Katrín Rós spjallar við Nesfréttir að þessu sinni.

„Ég flutti á Seltjarnesið 1980 en þá byggðu foreldrar mínir æskuheimili mitt við Nesbala. Móðir mín, Katrín Pálsdóttir flutti á Nesið 1959 ásamt foreldrum sínum þeim Páli Guðmundssyni fyrrverandi skólastjóra (d. 2014) og Unni Ágústsdóttur sérkennara. Fjölskylda mömmu flutti á efri hæðina í gamla Mýrarhúsaskóla en þá var verið að byggja nýja skólann. Þá var enn kennt í gamla skólanum og þar bjó mamma ásamt fjórum systur sínum þar til afi og amma komu sér upp framtíðarheimili á Unnarbraut en þar býr amma enn í dag. Afí og amma leiddu nýjungar í skólastarfið og stóðu meðal annars að fyrstu sex ára bekkjarkennslunni í landinu. Amma kenndi þar í nokkur ár og fór síðan í sérkennslunám en afí var skólastjóri við Mýrarhúsaskóla í 30 ár.

Við afi vorum miklir vinir

„Ég hóf skólagönguna í sex ára bekk í Mýró hjá afa mínum og ömmu og held að aldrei hafi háð mér að vera tengd skólanum fjölskylduböndum. Mér var aldrei strítt á þessum tengslum eins og einhverjum hefði ef til vill þótt tilefni til. En það gerðist aldrei að ég man. Það var gott að vita af þeim í nálægðinni og mér fannst mikil forréttindi fyrir mig að vera í skólanum í þessum árum. Ég hef alltaf litið mjög mikið upp til afi og ömmu, þau voru með miklar nýjungar við skólann, má þar nefna kennslu í dansi og ýmsum íþróttum. Ég man enn í dag þegar Sissi íþróttakennarinn minn sagði mér að á sínum tíma afi og amma



Katrín Rós Gunnarsdóttir.

hefðu búið til hinn fræga Tarzanleik sem enn er leikinn í dag. Einnig byrjuðu þau með 1. des. skemmtun efstabekkjar í skólanum, en þá æfðu nemendur samkvæmisdansa og buðu foreldrum sínum á skemmtun. Þessi skemmtun er mjög vinsæl í dag hjá elstu nemendum skólans.“

Var mikil afastelpa

„Ég var alltaf mikil afastelpa,“ heldur Katrín Rós áfram. „Við vorum miklir vinir alla tíð á meðan hans naut við en féll frá í fyrra. Ég leitaði mikið til hans og vináttan var alltaf gagnkvæm, ég hugsa oft til hans í dag og hvað hann myndi ráðleggja mér að gera með eitt og annað. Annars er stórfjölskyldan mjög samrýmd og ég man eftir að

um 30 manns voru í mat á jólnum heima hjá afa og ömmu. Og svo má ímynda sérpakkafjöldann undir jólatrénu. Ættin er fjölmenn og mörg skyldmenna minna eru búsett hér. En það er líka norðlenskt blóð í mér. Foreldrar mínir eru Gunnar Þorvaldsson flugstjóri sem er ættaður frá Akureyri og Katrín Pálsdóttir hjúkrunarfræðingur af Seltjarnarnesi. Við erum þrjár systurnar, Linda f. 1971 aðstoðar flugstjóri og þjálfunarflugstjóri hjá Icelandair, og Pála fædd 1982 sem er heimavinnandi. Ég byrjaði ung að æfa sund og æfði af kappi í nokkur ár hjá Sunddeild KR sem unglingur og eyddi miklum tíma í sundlaugum landsins.

Íþróttáhuginn hefur gengið í erfðir

„Palla stelpa,“ heldur Katrín Rós áfram. „Já það má segja það því þegar ég var 17 ára í Verslunar-skólanum kynntist ég ungum handboltadreng Páli Þórólfssyni. Við fluttum saman eignuðumst barn þegar við vorum rúmlega tvítug. Og þá kom aðeins hlé á Nesbúskapinn vegna þess að við fluttum til Þýskalands. Eiginmaður minn Páll Þórólfsson stundaði handbolta á sínum yngri árum og bjuggum við meðal annars í tvö ár í Essen í Þýskalandi þar sem hann var atvinnumaður með Tussem Essen. Þýskalandsdvölin var um margt þroskandi fyrir okkur. Við urðum foreldrar ung og þarna vorum við allt í einu búsett ein með barnið í öðru landi. Strákarnir okkar hafa því ekki langt að sækja íþróttáhuga sinn. Handboltagenið hefur erft og þeir spila báðir handbolta. Aron Dagur, sem er 19 ára spilar sem leikstjórnandi með meistaraflokki Gróttu, en hann hefur einnig náð að stimpla sig inn í yngri landslið okkar og náði með U-19 ára landsliðinu þriðja sætinu á HM í fyrra sem haldið var í Rússlandi. Gunnar Hrafn, 13 ára spilar bæði fótbolta og handbolta með Gróttu, en það verður gaman að fylgjast með honum í framtíðinni og sjá hvora íþróttina hann velur. Sóley Lind, 5 ára er litla prinsessan á heimilinu og uppáhald bræðra sinna.

Alin upp við ferðalög og útiveru

Þýskalandsdvölin var þó ekki fyrsta utanlandsdvöl Katrínar Rósar. Vegna starfa föður hennar sem flugstjóra fór fjölskyldan víða og bjó jafnvel tímabundið erlendis. „Ég er alin upp við ferðalög og útiveru. Við bjuggum meðal annars um tíma í Tyrklandi og eitt á í Hollandi þegar pabbi var að fljúga hjá Arnarflugi en félagið tók að sér verkefni víða um heim - ekki síst í þessum heimshluta þar sem þau var að finna og þá og þá var ekkert spurt um áhafnirnar. Þær fylgdu bara með til þeirra staða þaðan sem flogið var hverju sinni. En þetta var skemmtileg reynsla

og opnaði fyrir alls kyns ferðir og möguleika til að kynnast nýjum stöðum."

Við systurnar fórum saman í viðskiptafræði

"Nei - ég fór aldrei í flugíð," segir Katrín Rós aðspurð. "Linda systir mín lærði hins vegar að fljúga og starfar sem aðstoðar yfirflugstjóri og þjálfunarflugstjóri hjá Icelandair. En annað átti fyrir okkur að liggja. Við fórum saman í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík og útskrifuðumst þaðan. Þetta voru bráðskemmtileg ár í viðskiptafræðinni og sérstaklega að við systurnar gátum farið svona saman í námið. Þannig gátum við unnið saman til dæmis við verkefnavinnu og stutt hvor aðra. Við vorum báðar með ungarbörn í náminu og lærðum við iðulega með börnin á gólfinu að leika. Við höfum alltaf verið nánar en háskólaárin styrktu samband okkar enn frekar."

Býð alla Seltirninga velkomna í bankann

Svo hófst bankatímabilið sem stendur enn. Katrín hóf störf hjá bankanum árið 2005 sem fyrirtækjaráðgjafi í útibú bankans við Austurstræti. Síðar tók hún við starfi sem sérfræðingur á Viðskiptabankasviði í hinum ýmsu verkefnum fram til ársins 2015 að hún tók við starfi útibússtjóra í Vesturbæ. En hvernig er að starfa í banka. „Þetta er mjög góður vinnustaður og mikið tækifæri fyrir mig að hafa tekið við þessu starfi. Ég býð alla Seltirninga velkomna í heimsókn í útibú bankans á Hótel Sögu. Við erum 11 sem störfum í útibúinu og við sinnum bæði einstaklingsþjónustu og þjónustu við fyrirtæki. Nú á næstu mánuðum stefnum við að því að opna sérstakt hraðþjónustuhorn þar sem viðskiptavinum okkar mun gefast tækifæri til þess að nýta sér



Börn Katrínar og Páls Þórólfssonar. Aron Dagur og Gunnar Hrafn spila báðir handbolta með Gróttu og Sóley Lind, 5 ára er litla prinsessan á heimilinu og uppáhald bræðra sinna. Heimilishundurinn fékk að vera með á myndinni. Myndir: Sigrún Magnúsdóttir.

nýja hraðbanka innandyra allt til klukkan 22.00 á kvöldin.

Arion banki veitir alhliða fjármálaþjónustu og starfa um 850 manns hjá bankanum bæði í höfuðstöðvunum í Borgartúni og í 23 útibúum víðs vegar um landið. Yngsta útibúið er á Siglufirði en það var opnað undir lok síðasta árs. Við erum með allt að 100 þúsund viðskiptavinum sem ýmist leggja leið sína til starfsstöðva okkar eða nýta sér appið, netbankann eða hraðbankaþjónustuna sem alltaf er að aukast. Fólki finnst þægilegt að nota hraðbankana. Það tekur skamman tíma og það losnar við biðraðir sem oft vildu myndast áður en þeir komu til sögunnar við biðraðir sem oft vildu myndast áður en þeir komu til sögunnar.

Arion banki býður upp á nýja hraðbanka í öllum útibúum bankans á stór Reykjavíkursvæðinu og í stóru kjarna útibúum bankans út á landi. Þar er meðal annars hægt að leggja inn peninga og taka út að allt að 300 þúsund krónur auk þess að millifæra og greiða greiðsluseðla.“

hrært í heitt súkkulaði með rjóma sem var sannköluluð jólastemning.“

Get hvergi annars staðar hugsað mér að búa

En aftur á Nesið. Þið eruð sannköluluð íþróttafjölskylda. „Já íþróttirnar setja mikinn svip á fjölskyldulífið. Við Palli höfum bæði mikinn áhuga á íþróttum barna okkar og reynum að fylgja strákunum eins mikið og við getum, enda veita þessar stundir okkur mikla ánægju. Við reynum til dæmis alltaf – annað hvort okkar að vera viðstödd þegar þeir eru að spila. Það fer auðvitað mikill tími í að fylgja þeim eftir en eins og góður vinur benti mér þá eru það forréttindi að eiga börn í íþróttum og ekki allir eins heppnir og við. Að öðru leyti er fjölskyldan mín og nánustu vinir mér afar dýrmæt og ver ég flestum lausum stundum með þeim. Áhugamálin eru margvísleg; ég fer mjög oft í sund og göngur um Nesið. Ég hef líka gaman af að ferðast, jafnt innanlands sem utan enda ólst ég upp við talsvert flakk. En ég er líka mikill Seltirningur. Ég get hvergi annars staðar hugsað mér að búa. Við erum svo ánægð með margt hér á Nesinu, íþróttastarfið, skólastarfið og einnig er það frábært hversu stutt er í alla þjónustu.“

Bý við góðan starfsanda

Katrín segist svo heppin að búa við góðan starfsanda. „Já - hér er góður starfandi. Starfsmenn hafa gildi bankans að leiðarljósi í sínum daglegum störfum, láta verkin tala, gera gagn og koma hreint fram. Skemmtilegt dæmi um samheldnina get ég sagt frá því að allir starfsmenn hér í útibúinu tóku þátt í Jól í skókassa, sem verkefni frá KFUM, í nóvember sl. Þar var spilið létt jólatónlist, fyrstu smákökur ársins smakkaðar og

Grunnskóli Seltjarnarness

Innritun fyrir skólaárið 2016-2017

Til foreldra 6 ára barna og nemenda sem flytjast til Seltjarnarness frá öðrum sveitarfélögum



Innritun barna sem fíddi eru árið 2010 og eiga að hefja skólagöngu haustið 2016 fer fram dagana 22.-29. janúar næstkomandi.

Sömu daga fer fram innritun skólaskyldra barna og unglinga sem flytjast til Seltjarnarness eða koma úr sjálfstætt starfandi skólum. Innritun í Grunnskóla Seltjarnarness fer fram í gegnum vefgátt bæjarins, *Mínar síður*, á slóðinni www.seltjarnar.is

Nánari upplýsingar og aðstoð veitir starfsfólk Grunnskóla Seltjarnarness í síma 5959200. Fyrirspurnir er einnig hægt að senda á netfangið grunnskoli@grunnskoli.is

Skólaskrifstofa Seltjarnarrestæjar



SELTJARNARNESI

Opinn fundur Félags eldri borgara

Félag eldri borgara á Seltjarnarnesi, sem stofnað var sl. haust boðar til opins fundar í Félagsheimilinu laugardaginn 23. janúar kl. 10 til 12.

Á fundinum mun Magnús Oddsson formaður félagsins kynna starfsemi og áherslur félagsins. Haukur Ingibergsson formaður Landsambands eldri borgara mun kynna starfsemi landssambandsins og helstu baráttumál, en Félag eldri borgara á Seltjarnarnesi er frá áramótum aðili að landsambandinu og því áhugavert fyrir eldri borgara að heyra hvað fylgir þeirri aðild. Loks mun Sólveig Hjaltadóttir framkvæmdastjóri hjá Tryggingarstofnun kynna það helsta sem snýr að réttindum eldri borgara hjá stofnuninni og nýjustu breytingar á réttindum þeirra. Fyrirspurnir verða eftir hverja kynningu.

Stjórnin hvetur sem flesta til að mæta, en fundurinn er opinn öllum eldri borgurum og áhugafólki um málefni þeirra.

Miðbær Seltjarnarness:

Tillaga Kanon arkitekta verðlaunuð

Tillaga Kanon arkitekta um framtíðarskipan miðbæjar á Seltjarnarnesi hefur verið valin til verðlauna. Var tillagan kynnt á fundi bæjarstjórnar og skipulags- og umferðarnefndar skömmu fyrir nýliðin jól. Dómnefnd var skipuð Sigrúnu Eddu Jónsdóttur, Guðmundi Ara Sigurjónssyni og Gesti Ólafssyni. Ritari dómnefndar var Sverrir Bollason. Tekið skal fram að um tillögu er að ræða og hefur skipulagsstjóra verið falið að hefja undirbúning að vinnu við deiliskipulag. Deiliskipulag mun síðar fara í kynningu og lögbundið umsagnaferli.

Hugmyndina um samkeppni um skipulagsvinnu fyrir miðbæjarsvæðið má rekja um tvö ár aftur í tímann. Þá sagði Þórður Búason skipulagsstjóri í samtali við Nesfréttir hugmyndina vera að fá þrjá ráðgjafa sem verið hafi öflugir í skipulagsvinnubrögðum og framsetningu á skipulagi til þess að vinna að hugmyndum um framtíðarskipulag þessa svæðis og að þeir yrðu valdir úr hópi 15 aðila sem sýnt hefðu þessu verkefni áhuga. Í tillögu dómnefndar segir að tillaga Kanon arkitekta leysir á farsælan hátt samtengingu allra reitanna þriggja sem mynda miðbæjarsvæðið. Hún tengi þá samfélagsstofnunum með útfærslu á Nesvegi að Kirkjubraut



Hugmynd Kanon arkitekta að Eiðistorgi framtíðarinnar.

og skapi opin, skjólgóð og sólrík almenningsrými. Þá er uppbygging við Austurströnd talin áhugaverð fyrir verðandi íbúa með góðum útirýmum og hagkvæmri lausn bílastæða.

Þrjú reitir mynda miðbæjarsvæði

Þeir þrjú reitir sem mynda miðbæjarsvæði Seltjarnarness

eru Eiðistorg, Austurströnd og Melhúsareitur þar sem leikskólar bæjarins standa nú. Samkeppninni var ætlað að draga fram hugmyndir sem skapa áhugavert bæjarrými til frekari þróunar og tengja reitina betur saman sem samhangandi heild. Ætlunin er að svæðið geti byggst upp til að mæta þörf fyrir fjölbreyttari gerðir íbúðarhúsnæðis, sterkara atvinnusvæði og varðveislu þjónustu í bænum. Einnig

að tekið yrði tillit til nærliggjandi þjónustu bæjarins á stofnana- og íþróttasvæðum, líkt og segir í samkeppnislýsingu.

Miðstöð þjónustu- og mannlífs

Í verðlaunatillögu Kanon arkitekta segir meðal annars að nýr miðbær Seltjarnarness sé í lykilaðstöðu til að verða miðstöð þjónustu og



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

MYNDLISTASKÓLINN Í REYKJAVÍK
VORNÁMSKEIÐ 2016

SKRÁNING HAFIN

Ný námskeið á vorönn fyrir börn og unglunga

- 4–6 ára Börn og foreldrar
- 6–9 ára Listsköpun í listasafni
- 13–16 ára Teikningin tekin lengra
- 13–16 ára Svart-hvít filmuljósmyndun
- 13–16 ára Kvikmyndagerð – fundið efni
- 13–16 ára Leir og gifsmót – leikur að formum
- 13–16 ára Leirmótun og rennsla

MYNDLISTASKÓLINN
Í REYKJAVÍK

www.myndlistaskolinn.is • sími: 5511990 • Hringbraut 121, 101 Reykjavík



Hugmynd Kanon arkitekta um framtíðarskipan miðbæjar á Seltjarnarnesi.

mannlífs bæði fyrir Seltjarnarnes og einnig vesturhluta Reykjavíkur. Með tillögunni sé staðarandinn styrktur á grunni núverandi byggðar og ný byggð þrjú við þá sem fyrir er og þannig mótað nýtt umhverfi sem virkjar núverandi byggð og almenningsrými auk þess að skapa aðlaðandi miðbær sem styrkja muni bæjarsamfélagið og draga að sér fólk og fyrirtæki. Í tillögunni kemur einnig fram að í nýjum miðbæ Seltjarnarness muni fléttast saman mismunandi bæjarrými; torg, götur og garðar í eina heild með fjölbreyttum og skemmtilegum innbyrðis tengslum. Starfsemi og þjónusta miðbæjarins verði sýnilegri líka götur og torg og laða að sér fólk.

Torgin þrjú

Í tillögu Kanon arkitekta er lagt til að byggt verði nýtt torg

Nestorg við horn Suðurstrandar og Nesvegur. Með nýjum viðbyggingum og endurbótum á núverandi húsnæði að Suðurströnd og Nesvegi verði skapað notalegt og skjólsælt torgrými þaðan sem vegfarendur verði leiddir að verslunum og þjónustu Eiðistorgs um nýja og aðlaðandi aðkomu. Gert er ráð fyrir nýrri íbúðarhæð ofan á Nesveg 17 og að ný öflug almenningsamgagnastöð verði staðsett við Nestorg. Þá verði skapað byggingarými fyrir 15 íbúðir og nýtt atvinnuhúsnæði. Lagt er til að efla verslun og þjónustu við Eiðistorg. Fyrirkomulag þess og aðgengi á milli hæða verði einfaldað og skilvirkar lyftur og stigar leysi skábrautir af hólmi. Lagt er til að ný bílageymsla sunnan torgsins fái góða tengingu við starfsemi neðstu hæðar þess og að lyftu beint að aðalinnangi Hagkaupa og annarrar þjónustu götuhæðar. Einnig er lagt

til að veggir jarðhæða með fram Nesvegi 17 opnaðir upp með nýjum glerhliðum og verður götuhliðin þannig gædd lífi og beinu aðgengi að Eiðistorgi. Þá er komið að þriðja og síðasta torginu Suðurtorgi sem yrði sunnan Eiðistorgs. Mynda mætti nýja og heildstæð framhlið að því með því að byggja framan við núverandi suðurinnangang Eiðistorgs og framhliðar Hagkaupa.

Tenging við borgarlínu

Í vinningstillögunni er bent á að nú þegar liggja fyrir nýtt svæðisskipulag fyrir Höfuðborgarsvæðið þar sem m.a. er fjallað um hraðvirkar almenningsamgöngur á svokallaðri Borgarlínu. Með þessum hugmyndum er Seltjarnarnes að stimpla sig inn í þá umræðu með eftirtektarverðum hætti. Bæði verða stöðvar á Borgarlínunni seglar fyrir þróun byggðar en ekki síður er þróun byggðar forsenda þess að slíkar stöðvar verði til. Með þeim tillögum sem lagðar voru fram er tónninn sleginn fyrir uppbyggingu íbúða og atvinnu sem nýta tækifærin

í Borgarlínunni og styðja við þá ákvörðun að byggja upp stoppistöð á Seltjarnarnesi.

Opnun Eiðistorgs og framlenging á vistlegum göturýmum

Í umsögn dómnefndar kemur fram að helstu styrkleikar vinningstillögunnar séu áhugavert rými milli reita, opnun Eiðistorgs í átt að Nesvegi og framlenging á vistlegum göturýmum upp með Nesvegi að Kirkjubraut sem myndar tengingu við samfélagsþjónustu. Þá séu sköpuð ný torg á reit Eiðistorgs sem eru líkleg til að verða vel nýtt almenningsvæði með fjölbreyttum notum. Einnig segir að hugmynd um aðkomugarð að bílastæðahúsi opni mismunandi nýtingarmöguleika og að byggingar séu vel nýttar til skjólmyndunar á öllum reitum og að uppbygging íbúða við Austurströnd gefi vól á hagkvæmri uppbyggingu og skapar skjólgóða garða til útivistar fyrir íbúa.

Litlu jólin hjá eldri borgurum á Skólabraut

Fimmtudaginn 17. des. voru litlu jólin haldin á Skólabrautinni, með söng, súkkulaði og notalegri stemmingu, mættu svo Lionsmenn á Seltjarnarnesi færandi hendi með sex spilaborð að gjöf til eldri borgara á Seltjarnarnesi.

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN

Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opnið virka daga kl. 10 - 18:30

FÉLAGSSTARF ELDRÍ BÆJARBÚA Á SELTJARNARNESI

ÞORRI, GLEÐI, VIST OG LIST

Starfsfólk félags og tómsundastarfsins óskar ykkur öllum gleðilegs árs og þakkar samverustundir liðins árs.

Árið var viðburðaríkt í félagsstarfinu með tilheyrandi námskeiðum,



ferðum og öðrum uppákomum og það má segja að þátttakan hafi verið viðunandi. Það hefur verið boðið upp á ýmsar nýjungar í félagsstarfinu, sumar þess eðlis að við komum til með að viðhalda þeim og aðrar síðri og þá erum við bara reynslunni ríkari. Í desember var nóg að gera og margt í boði fyrir utan föstu dagskrána, sönghópurinn okkar söng á aðventukvöldi kirkjunnar, í fyrsta skipti var boðið upp á hópferð / jólahlaðborð á Hótel Örk með gistingu og öllu tilheyrandi, og var það samhljóma álit þeirra sem fóru að þetta hafi verið hin besta skemmtan og vonandi komin til að vera. Viku fyrir hátíðarnar mættu svo nemendur Tónlistaskólans sem léku lög í anda jólanna og 17. desember héldum við svo „litlu jólin“ með tilheyrandi gleði og hátíðleik. Stefán Bjarnason og Einar Kristjánsson spiluðu á hljóðfæri og sungu með okkur jólalög og sálma og þá var boðið upp á heitt súkkulaði og bakkelsi. Í lok dagsins komu svo Lions-menn færandi hendi og færðu félagsstarfi eldri borgara 6 spilaborð að gjöf sem vert er að þakka. Milli jóla og nýárs hélt svo unglingaráð kósý-kvöld í Selinu og nutu þar yngri og eldri mjög svo ánægjulegrar samverustundar. Starfsemi félagsstarfsins hófst svo 4. janúar með hefðbundinni dagskrá, morgunkaffinu, jóga og handavinnu. Þegar þessar línur eru skrifaðar er allt komið á fullan skrið og dagskráin fyrir janúar – júní komin í dreifingu.

Vert er að minna á:

- ÞORRAMAT Í SAFNAÐARHEIMILI KIRKJUNNAR, ÞRIÐJUDAGINN 26. JANÚAR KL. 17.30. SKRÁNING.
- TÓNLISTARVEISLU SELKÓRSINS Í FÉLAGSHEIMILINU MIÐVIKUDAGINN 27. JANÚAR KL. 20.00, EN ÞAR BÝÐUR KÓRINN ELDRÍ BORGURUM UPP Á SÖNG OG KRÁSIR OG HVETUR FÓLK TIL AÐ FJÖLMENNA.
- LEIKHÚSFERÐ Í BORGARLEIKHÚSIÐ MIÐVIKUDAGINN 3. FEBRÚAR KL. 19.30 NJÁLA. SKRÁNING. (EIGUM FRÁTEKNA AÐEINS 30 MIÐA)
- ÓVISSUFERÐ ÞRIÐJUDAGINN 9. FEBRÚAR KL. 13.30. HEIMSÆKJUM LISTASAFN ÍSLANDS UNDIR LEIÐSÖGN. KAFFI Á EFTIR. SKRÁNING.
- FÉLAGSVIST FIMMTUDAGINN 18. FEBRÚAR Í BOÐI SLYSAVARNAR-DEILDAR VÖRÐUNNAR KL. 19.30 Í SALNUM Á SKÓLABRAUT. ALLIR VELKOMNIR. (Ath. Dagsetning gæti breyst og verður þá tilkynnt með fyrirvara)
- FIMMTUDAGINN 25. FEBRÚAR HÖLDUM VIÐ NIKKUKVÖLD Í SALNUM Á SKÓLABRAUT. ÞÁ TRÖLLUM VIÐ OG DÖNSUM OG NJÓTUM SAMVERUNNAR. SKRÁNING.

Allir sem áhuga hafa ættu að finna eitthvað við sitt hæfi og ef einhverjir hafa uppi hugmyndir um eitthvað annað og öðruvísi sem uppá mætti bjóða þá er um að gera að láta heyra í sér. Tökum allar ábendingar til athugunar.

Kynnið ykkur tilboð sem Hótel Örk er að bjóða varðandi Sparidaga í Hveragerði.

Kynnið ykkur tilboð sem World Class er að bjóða eldri borgurum.

Kíkið við á Skólabrautinni þar sem forstöðumaður félags og tómsundastarfsins er með aðstöðu og fáðið allar upplýsingar varðandi dagskrána. Einnig er hægt að fá upplýsingar með því að hringja í 5959147/8939800.

UMHVERFISHORNIÐ

FUGLALÍFIÐ Á SELTJARNARNESI ÁRIÐ 2015

Annað hvert ár eru varpfuglar og annað fuglalíf á Seltjarnarnesi skoðað að frumkvæði umhverfisnefndar. Það er hluti af vöktunardagskrá, sem staðið hefur frá aldamótum, en upplýsingar ná þó lengra aftur.



Krían er efst á lista yfir þá fugla sem fylgst er með; hún er algengasti varpfuglinn á Seltjarnarnesi. Hún hefur staðið í ströngu undanfarin ár vegna ætisskorts í hafinu, er kær flestum vegna nábylils við manninn og er afar merkilegur fugl fyrir þær sakir að hún fer allra dýra jarðarinnar lengst á árlegum ferðum sínum milli varpstöðva og vetrarstöðva. Kríuvarpið sumarið 2015 var í góðu meðallagi, um 2200 pör og jók það bjartsýni manna um að krían væri að ná sér á strik og að vonandi kæmst einhverjir ungar á legg. Varpið var gott í Suðurnesi, mest í óræktinni í Dal og á svæðum E og F á golfvællinum (2. mynd í skýrslu). Varpið í Gróttu var sæmilegt og varpið í Snoppu óvenju gott. Ekkert varp var nú við Bakkatjörn. Umfang varpanna í Suðurnesi og Gróttu hefur dregist saman. Afkoma kríu var óvenju góð, líklega sú besta síðan 2004. Einhver hundruð unga komust á legg. Vonandi er þetta aðeins upphafið á frekari uppgangi kríunnar, sem og annarra fugla sem treysta á síli sér til framdráttar.

Margir fuglar urpu seint í vor vegna þráláttra norðanáttu og kulda í maí og fram eftir júní. Varp heppnaðist hjá álfthajónunum á Bakkatjörn, en eini ungin sem komst á vatn, dó í slæmu veðri í júníbyrjun. Karlfluglinn gaf síðan upp öndina um miðjan ágúst, Svandís lifði maka sinn. Varpið gekk vel hjá grágæsnum og æðarfugli, en lítið sást af andarungum. Varp mófugla gekk vel. Jaðrakan fannst nú í fyrsta sinn verpandi á Seltjarnarnesi, hreiður með fjórum eggjum fannst í Dal í Suðurnesi og komust allavega tveir ungar á legg. Lítið hettumásvarp var í Gróttu. Varp svartþrasta í gördum á Seltjarnarnesi er nú orðið stöðugt og er hann einn algengasti garðfluglinn, ásamt skógarþresti, auðnutittlingi og stara.

Nú var talið á Leirum í Bakkavík á fartíma vor og síðsumars/hausts og jafnframt á Gróttugranda um vorið. Leirur voru mikið notaðar af vaðfluglum og margæs um vorið, en af vaðfluglum og kríu síðsumars og fram á haust. Gróttugrandi var mest notaður af æðarfuglum, en jafnframt af vaðfluglum, svo og kríum síðsumars.

Seltjarnarnes er mikilvægur viðkomustaður fyrir farfugla, bæði þá sem eiga leið um landið á ferðum sínum milli varpstöðva á Grænlandi og Íshafseyjum Kanada og vetrarstöðva í Evrópu og V Afríku, sem og íslenskra varpfugla. Margæsinn er meðal þessara fugla og sá sem dvelur lengst á svæðinu á vorin, þær geta skipt hundruðum. Aðrir fuglar í þessum hópi eru rauðbrystingur, sanderla, tildra, svo og sandlóa og lóupræll, sem jafnframt eru íslenskir varpfuglar. Nokkrir sjaldgæfir fuglar sáust á árinu og ein tegund bættist við fuglalista Seltjarnarness 2015, ameríska öndin kúfönd.

Hugmyndir um uppfyllingar við Suðurnes eru harðlega gagnrýndar í skýrslunni, slíkt samræmist ekki náttúruverndarstefnu sveitarfélagsins, sem starfar samkvæmt Staðardagskrá 21. Uppfyllingar gætu skaðað fjöru og fuglalíf varanlega.

Heimildir skýrsla: Jóhann Óla Hilmarssonar, formanns Fuglaverndar. Skýrslan verður sett á vef bæjarins innan tíðar.

F.h. umhverfisnefndar,
Margrét Pálsdóttir, formaður.

Unga fólkið í fókus hjá Myndlistarskólanum

Unglingar eru sá nemendahópur sem hvað mest er í brennidepli hjá Myndlistaskólanum í Reykjavík á vorönn. Boðið er upp á fimm ný námskeið fyrir aldurshópinn 13-16 ára þar sem mið verður tekið af áhugamálum nemendanna sjálfra.

Á námskeiðinu Teikningin tekin lengra fá nemendur tækifæri til að vinna á fjölbreyttan hátt með teikninguna s.s. að búa til bækur og veggspjöld eða prenta á fót og aðra hversdagslega hluti. Í kvikmyndagerðinni læra nemendur helstu tækni í kvikmyndavinnslu, s.s. klippingu og hljóðvinnslu og verður fyrst og fremst unnið með efni sem sótt verður á netið. Í ljósmyndun er kennt á gamaldags filmuvélar og unnið með svart-hvítar myndir í myrkrakerbergi. Í leirmótun og rennslu er áherslan lögð á að búa til nytjahluti og læra nemendur bæði að handmóta leirinn og renna hann á rennilbekk. Í leir og gísmótagerð læra nemendur að taka mót og



verður unnið með hversdagsleg fyrirbæri, búnar til afsteypur og ólíkum hlutum stefnt saman í því völdum verkum.

Ennfremur er boðið upp á tvö ný námskeið fyrir yngri börn. Námskeiðið Listsköpun á listasafni er sex vikna námskeið fyrir sex til níu ára börn sem haldið er í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur. Námskeiðið fer fram í húsum Listasafnsins og verður unnið út frá sýningum safnsins. Hitt námskeiðið, Börn og foreldrar er ætlað fjögurra til sex ára börnum og foreldrum þeirra eða fullorðnum félögum. Það stendur sömuleiðis í sex vikur og er kennt á laugardögum.



Lionsmenn afhenda sjónvarp og spilaborð að gjöf

Félagar í Lionsklúbb Seltjarnarnes afhentu Heimili með stuðning á Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi sjónvarp að gjöf 17. desember sl. Var gjöfin afhent í nafni eins félags Lionsmanna Gunnars H. Pálssonar sem var 80 ára þann dag.

Einnig mættu félagar í Lionsklúbbnum á Seltjarnarnesi á Litlu jólin hjá félagi eldri borgara á Seltjarnarnesi á Skólbraut og afhentum

þar að gjöf sex ný spilaborð, þáðum kaffi og meðlæti á eftir. Okkur var að sjálfsögðu boðið á spilakvöld við fyrsta tækifæri, sem við þáðum með þökkum, en við höfum mætt hjá þeim einu sinni á ári og spilað með þeim félagsvíst og það hefur verið mjög gaman að spila með gamla fólkinu. Gömlu spilaborðin voru að hruni komin og kominn tími á ný borð.



Liðleiki & líkamsvíska!



MÖNTRU ARMBÖND!

Silfruð, gyllt. & rósagull.

NÝ SENDING KOMIN TIL LANDSINS.



3=5 af SÓLEY ORGANICS!

Keyptu 3 og fáðu 2 FRÍTT eða á sama verði.

Aðeins í Systrasamlaginu.



MANDUKA er drottningin!

Manduka PRO og eKO jógaðýnur í mörgum litum og stærðum. Allskyns jóga fylgihlutir.



VIRIDAN – 20% afsl. til 23ja jan!

Vítamín, jurtir og bætiefni af bestu gerð.

Heilsuvörumerki ársins í Bretlandi!

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Fyrir neðan sunnlaugina og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Virkir dagar 8:30 - 18
Laugardagar 10 - 16



Meistaraflokkur kvenna Íþróttamaður Gróttu



Meistaraflokkur kvenna í handbolta.

Meistaraflokkur kvenna í handbolta var nýlega valinn íþróttamaður Gróttu við hátíðlega athöfn.

Stjórn handknattleiksdeildar Gróttu tilnefndi allan meistaraflokk kvenna til íþróttamanns Gróttu þar sem stjórnin gat ekki gert upp á milli leikmanna liðsins eftir framúrskarandi árangur liðsins á árinu sem er að líða.

Meistaraflokkur kvenna skilaði í hús fyrsta Íslands-, bikar- og deildar-meistaratitli í meistaraflokki sem Gróttu hefur unnið frá upphafi. Liðið er fyrsta og eina liðið í sögu handboltans á Íslandi sem klárar alla stærstu titlana í fyrsta sinn á einu ári.

Á lokahófi HSÍ sem fram fór í maí sl. sópaði liðið að sér viðurkenningum, alls fékk kvennalið Gróttu sex viðurkenningar þ.á.m. efnilegasti leikmaðurinn, besti varnarmaðurinn og mikilvægasti leikmaðurinn að mati þjálfara í deildinni.

Í A landslið kvenna sem valið var nú á dögnum voru fjórir núverandi leikmenn liðsins valdir sem og einn leikmaður sem er lánsmaður í öðru liði. Með þessu áttum við fjórðung alls landsliðsins sem er fátítt og gott merki um frábært starf handknattleiksdeildar undanfarin ár. Þar að auki var Íris Björk Simonardóttir kjörin handboltakona ársins af HSÍ.

Lovísa Thompson Íþróttamaður æskunnar

Íþróttamaður æskunnar hjá Gróttu var kjörin nýlega og var handboltakonan Lovísa Thompson fyrir valinu.

Lovísa Thompson er 16 ára gömul og hefur iðkað handknattleik hjá Gróttu frá 6 ára aldri. Hún æfir og leikur með meistaraflokki kvenna en spilar einnig með 3. flokki.

Lovísa hefur tekið gríðarlegum framförum á árinu sem senn er að líða og er orðin ein af lykil-leikmönnum í meistaraliði Gróttu. Hún getur leikið sem miðjumaður og skytta og er talin vera einn efnilegasti handboltamaður landsins. Lovísa hefur mjög góðan leikskilning, frábæra snerpu og hraða og góða skottækni.

Hún hefur auk þess mikinn metnað, mjög gott hugarfar og leggur sig ávallt fram í öllu sem hún tekur að sér. Á lokahófi



Lovísa Thompson.

HSÍ í maí sl. var Lovísa útnefnd efnilegasti leikmaður deildarinnar og hefur á árinu verið valin í U-18 ára og U-20 ára landsliðið þrátt fyrir að vera einungis 16 ára gömul.

6. og 7. flokkur kvenna á Kjörís móttinu í Hveragerði



Sáttar Gróttustelpur.

Laugardaginn 9. janúar héldu Gróttustelpur úr 6. og 7. flokki kvenna til Hveragerðis að keppa á Kjörís móttinu.

Báðir flokkar voru búnir að keppa æfingarleiki fyrir áramót en þetta var fyrsta mót tímabilsins og mikil tilhlökkun hjá stelpunum. Alls var Gróttu með 7 lið á móttinu, 3 í 6. flokki og 4 í 7. flokki. Það var góð

stemning hjá stelpunum á móttinu og ekki skemmdi frammiðan fyrir! Augljóst var að sjá framfarir hjá þeim og bíða þjálfarar spennir eftir komandi fótboltasumri. Mikil aukning hefur verið í þessum tveimur flokkum á síðustu árum sem er rosalega jákvætt og greinilegt að fótboltaáhugi er sívaxandi á Seltjarnarnesi.



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:
Mánud., Þriðjud. og Miðvikud.
12:00 til 15:00.
Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30.
Föstudaga
13:00 til 19:00.
Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00.
Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00.



GETRAUNANÚMER
GRÓTTU ER
170

Á fljúgandi siglingu



Stelpurnar í 5.fl. kvk. í handbolta hafa verið á fljúgandi siglingu í vetur en hópinn skipa með eindæmum hressar, metnaðarfullar og flottar stelpur. Stelpurnar eru duglegar að mæta á æfingar og stunda þær af miklu kappi, hvort sem um er að ræða 5.fl. æfingar eða séræfingar sem að félagið bíður upp á. Einnig eru þær duglegar að bralla eitthvað skemmtilegt saman utan æfinga.

Gengi liðsins er í takt við góða ástundun og úrslit síðustu móta til marks um það. Eldra árið hafnaði í 3. sæti í sinni deild á síðasta móti eftir æsilegar viðureignir og frábæra frammistöðu. Yngra árið steig á

stokk stuttu seinna en þar landaði Gróttal listilega sigri á mótinu eftir frábæra baráttu og vermir það lið nú toppsætið á landsvísi í sínum aldursflokki. Gróttla 2 vann fjóra af fimm leikjum sínum á mótinu og lentu í 2. sæti í sinni deild. Mikill stígandi var í leik liðsins en til marks um flotta spilamennsku má geta þess að allir leikmenn þess liðs skoruðu mark á mótinu. Allir leikmenn flokksins eru félaginu til sóma, innan vallar sem utan og ljóst er að framtíð Gróttu er afar björt og vegsemdin mikil með þessu áframhaldi! Við óskum stúlkunum til hamingju með gott gengi.

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignausmjón.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Orri Heiðarsson hann hefur verið hlaupakóngur Valhúsaskóla síðustu tvö ár og eiga íþróttir hug hans allan. Orri er margfaldur Íslandsmeistari með Val í handbolta, og spilar með landsliði (U16), en í fótbolta er hann í Gróttu.

Fullt nafn? Orri Heiðarsson.

Fæðingard. og ár? 19. apríl 2000.

Starf? Nemandi í 10. bekk Valhúsaskóla og blaðberi á mánudögum.

Farartæki? Hjól og strætó.

Eftirlætis matur? Spaghetti Bolognese.

Eftirlætis tónlist?

House tónlist og rapp.

Eftirlætis íþróttamaður?

James Harden og Cheikhou Kouyate.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?

Horfi ekki á sjónvarp.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Da Vinci Code.

Uppáhalds leikari? Tom Hardy.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

Svartur á leik.

Hvað gerir þú í frístundum þínum?

Er með vinum mínum.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á?

Koh Kood á Tælandi og Alaska.

Hvað metur þú mest í fari annarra?

Glaðværð og heiðarleika.

Hvern vildir þú helst hitta?

Kanye West.



Uppáhalds vefsíða? Fotbolti.net

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf? Boxer hund.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti?

Hjálpa litla bróður mínum að opna fatabúð á Eiðistorgi.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag?

Setja WIFI og sjónvarp í kósistofu í Való.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Ganga vel í námi.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Fór í húsbílaferð um Alaska.

Handboltaferð til Barcelona og hélt upp á 70 ára afmæli ömmu minnar í Suður – Frakklandi.



Kauða Íónið
síðan 1989

HEITUR MATUR Í HÁDEGINU OG Á KVÖLDIN

TAKTU MED
eda
BORÐAÐU Á STAÐNUM

Alvörumatur



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996

Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is • Allan sólarhringinn



Sverrir Einarsson



Kristín Ingólfssdóttir



Hilmar Erlendsson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA





TOSCANA
súrdeigsbrauð með heilkorni



HOLTABRAUÐ
gróft fimm korna brauð
með súrdeigi



SVEITABRAUÐ
dökkt súrdeigsbrauð
með heilkorni og rúgi



Brakandi góð og vel bökuð súrdeigsbrauð að hætti Jóa Fel

*Steinbökuð brauð með heilkorni.
Enginn viðbættur sykur!*

Bakaríð við Hringbraut er opið alla virka daga frá kl. 7 - 18
og frá kl. 8 - 17 um helgar.



BAKARÍ